

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpvogur

Efni: Beiðni um styrk

Hammondhátíð Djúpavogs sækir um styrk til Djúpavogshrepps að upphæð kr. **300.000.-** vegna næstu hátíðar sem fram fer dagana 23.-26. apríl 2020.

Styrkir sveitarfélagsins í gegnum árin, bæði í formi vinnuframlags starfsmanna sveitarfélagsins sem og peningastyrkja, hafa verið hátíðinni ómetanlegir og vonast stjórn Hammondhátíðar að áframhald verði á góðu samstarfi og vel verði tekið í umsóknina.

Á árinu 2020 höldum við 15. hátíðina. Það er ekki sjálfgefið að tónlistarhátíðir, sér í lagi úti á landi, nái þessum aldri – en með góðri skipulagningu og ómetanlegri aðstoð, bæði í formi peningastyrkja og vinnuframlags hefur okkur tekist að búa til hátíð sem við erum öll stolt af og hlökkum öll til. Ljóst er að Hammondhátíð er orðin ein elsta og virtasta tónlistarhátíð landsins.

Óþarfi er að fjölyrða um alla þá tónlistarmenn og hljómsveitir sem stigið hafa á stökk á Hammondhátíð frá upphafi. Listinn er langur og gífurlega fjölbreyttur. Líklega hafa í allt um 250 manns komið fram á hátíðinni.

Við þreytumst ekki á að minnst á hverslags þrekvirki hátíð af þessari stærðargráðu er í litlu samfélagi. Við höfum boðið landsmönnum öllum upp á tónlistarhátíð á heimsmælikvarða, ár eftir ár, hátíð sem er sú eina sinnar tegundar í Evrópu.

Og við ætlum að halda því áfram.

Djúpavogi, 14. nóvember 2019,
f.h. Hammondhátíðar Djúpavogs;

Ólafur Björnsson